

Verklagsreglur um flokkun í grunneiningu íláta og aðgengi að þeim.

Sorpstöðin útvegar grunneiningu sorpíláta við íbúðarhús. Í grunneiningu eru grá-, blá- og græntunna ásamt minni brúntunnu. Grátunna er fyrir almennt sorp, blátunna fyrir pappá og pappír, græntunna fyrir heimilisplast og brúntunna fyrir lífrænan heimilisúrgang. Sorphirða fer fram samkvæmt útgefnu sorphirðudagatali sem birt er á heimasíðum sveitarfélaganna og fésbókarsíðu Sorpstöðvarinnar. Hirt er á tveggja vikna fresti úr brúntunnu og úr grá-, blá- og græntunnum til skiptis.

Umfram úrgang getur húsráðandi losað á grenndarstöðvar (Hellu, Hvolsvelli og Meiri-Tungu) eða á móttökustöðina á Strönd. Húsráðendur geta valið að hafa fleiri eða stærri tunnur en grunneiningar og er þá greitt fyrir það samkvæmt gjaldskrá. Ávallt skal setja viðeigandi úrgang í rétt ílát og hafa lífræna úrganginn í maís- eða þunnum pappírspokum, að öðrum kosti er þeim er annast sorphreinsun heimilt að skilja hann eftir.

Húsráðandi ber ábyrgð á þeim ílátum sem Sorpstöðin útvegar og skal hafa í huga:

- Að halda ílátum hreinum og heilum.
- Að festa ílátin svo þau fjúki ekki og valdi tjóni á eigum annarra.
- Að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.
- Að festingar séu einfaldar og aðgengilegar. Starfsmenn sorphirðu ganga ekki frá öllum festingum, s.s. böndum, keðjum, plönkum, steinum o.þ.h. en gæta þess þó ávallt að tunnur fjúki ekki á losunardegi.
- Að aðgengi að ílátum sé greitt, þau séu t.d. ekki uppi á palli, í tröppum, ofan brekku, á bak við hús eða innilokuð. Þá mega þau ekki vera í lengra en 20 metra fjarlægð frá aðkomustað söfnunartækis.
- Að bifreiðar, vélar eða aðrar eigur hindri ekki aðgengi á losunartíma.
- Að hlið á heimreiðum séu opin á losunartíma. Starfsmenn sorphirðu opna ekki hlið.
- Að hreinsa snjó og gera viðeigandi hálfuvarnir í kringum ílát og á heimreiðum á losunartíma.
- Að ílát í fjölbýlishúsum séu staðsett á jarðhæð.

Brot á reglum um flokkun, aðgengi og umhirðu íláta getur orðið til þess að ekki er tekið sorp á viðkomandi stað.

Sveitarfélögin innheimta gjald skv. gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu sem er aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna.

Fyrir pantanir sorpíláta og fyrirspurnir þar um skal haft samband við skrifstofu Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða á tölvupóstföngin hulda@ry.is og/eða stromd@rang.is

Hafi húsráðandi kvörtun fram að færa vegna sorphirðu, skal koma henni á framfæri við Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. í síma 487-5157 eða á tölvupóstföngin stromd@rang.is og/eða hulda@ry.is

Verklagsregla þessi er byggð á samþykkt um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og til frekari upplýsinga vísast til hennar.

Útg. 1.1.2021